

Fréttabréf KFUM og KFUK



KFUM og KFUK - frjáls félagasamtök

Starf KFUM og KFUK er fjölbreytt og síbreytilegt um leið og byggt er á sterkum grunni þar sem fagnaðarerindið um Jesú Krist er boðað og einstaklingar byggðir upp til líkama, sálar og anda.

Í nafni KFUM og KFUK er boðið upp á 900 æskulýðsfundi á ári, fimm sumarbúðir reknar, staðið að fjölbreyttum leikjánaðmskeiðum, haldnar samverur fyrir fullorðna og fjölskyldufólk. Öflugur karlakór starfar innan félagsins og leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK er samtímis vönduð og framsækin. Þá má ekki gleyma leikskóla KFUM og KFUK, Vinagarði sem nýtur sífellt aukinna vinsælda, nú eða

fermingarnámskeiðum, skólabúðum og leikskóladagskrám í sumarbúðunum. Á síðustu árum hafa átt sér stað miklar breytingar í trúarlífi á Íslandi og sér ekki fyrir endann á þeim. Þetta gerist á sama tíma og þjóðkirkjan stendur frammi fyrir erfiðleikum sem hafa því miður haft mikil áhrif á safnaðarstarf víða. KFUM og KFUK tekur þátt í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar og hefur ekki farið varhluta af þessum niðurskurði. Það er samt ekki í boði að draga úr starfi okkar. Við verðum að standa í fætturna og blása til sóknar. Að standa að jafn viðamiklu og fjölbreyttu starfi kostar mikla peninga og

ekki síður vinnu margra sjálfboðaliða sem gefa af tíma sínum og hæfileikum svo starfið megi áfram vaxa og dafna. Ótalmargir styðja við starf KFUM og KFUK á hverju starfsári með margvíslegum hætti, s.s. með vinnu, peningagjöfum og fyrirbænum. Öllum þeim eru færðar innilegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag sitt.

KFUM og KFUK kallar til þín eftir stuðningi við starfið. Hvort sem þú getur gefið af tíma, fjármunum eða hæfileikum, þá er pláss fyrir þinn stuðning.

Fylgt úr hlaði



Gyða Karlsdóttir,
framkvæmdastjóri
KFUM og KFUK

Komið er sumar með birtu og yl. Í starfi KFUM og KFUK hefst nýr kafli á hverju ári þegar fyrstu rútur sumarsins renna úr hlaði fullar af eftirvæntingarfullum börnum á leið í sumarþúðir. Á þriðja þúsund börn munu taka þátt í dagskrá á vegum KFUM og KFUK í sumar, í sumardvöl í einum af fimm sumarþúðum félagsins eða á leikjánaðmskeiðum í bæ eða borg. Við finnum til ábyrgðar vegna þess að okkur er treyst fyrir því dýrmætasta sem foreldrar eiga, barninu þeirra. Metnaður okkar er að hvert einasta barn njóti umhyggju og nærgætni og finni sig öruggt á allan hátt. Við viljum að barnið njóti þeirrar gleði og ánægju sem dvöl í sumarþúðum eða þátttaka á leikjánaðmskeiðum getur veitt. Okkur er annt um að það taki með sér veganesti heim sem getur verið því styrkur í lífinu og þáttur í að byggja það upp sem heilsteypta manneskju. Við leggjum metnað í að fá til liðs við okkur framúrskarandi starfsfólk og þúum það undir starfið með því að halda námskeið sem því er skylt að taka, meðal annars skyndihjálparnámskeið og Verndum þau – námskeiðið. Starfsfólk lærir um samskipti á vinnustað, fær í hendur síðareglur og er kynnt fræðslufni sumarsins. Allt miðar að því að starfsfólk komi vel undirbúið til starfsins og sé vel í stakk búið til að axla ábyrgð og sinna sínu hlutverki. Í þessum pistli biðla ég til ykkar, sem eruð félagar í KFUM og KFUK og velunnarar starfsins, að vera með í bakvarðarsveitinni sem biður fyrir starfinu í sumar. Biðjið fyrir hverju einasta barni og biðjið fyrir starfsfólkinu okkar. Biðjið einnig fyrir forystu félagsins; stjórn KFUM og KFUK á Íslandi og stjórnnum starfsstöðva félagsins, sem vinna mikla sjálfböðavinnu og mikil ábyrgð hvílir á, en nöfn þeirra allra er að finna á bls. 2 og 3 í þessu blaði. „Verið stöðug í bæninni, vakið og biðjið með þakkargjörð“ segir í Guðs orði (Kól. 4:2). Bænin er farvegur blessunar Guðs. Í bæninni skerpum við meðvitund okkar um það sem skiptir okkur máli og er hjarta okkar kært. Stöndum saman í fyrirbæn fyrir starfi KFUM og KFUK á Íslandi.



Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi 2012-2013: Efri röð f.v.: Auður Pálsdóttir, Geirlaugur Sigurbjörnsson, Sveinn Valdimarsson, Guðmundur Karl Einarsson og Páll Ágúst Ólafsson. Fremri röð: Tinna Rós Steinsdóttir, Anna Elísa Gunnarsdóttir og Petrína Mjöll Jóhannesdóttir. Á myndina vantar Óskar Birgisson og Perlu Magnúsdóttur.

Ný stjórn KFUM og KFUK á Íslandi fyrir starfsárið 2012-2013

Fráfarandi formanni þökkuð frábær störf í þágu félagsins

Á aðalfundi KFUM og KFUK á Íslandi sem haldinn var 14. apríl sl. fór fram kjör til stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Tómas Torfason, sem gegnt hefur embætti formanns KFUM og KFUK á Íslandi í rúmlega sex ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Var honum þakkað óeigingjarnt starf í þágu félagsins og sýndi félagsfólk á aðalfundinum hug sinn með löngu lófataki og með því að rísa úr sætum í virðingarskyni. Ásamt Tómasi gengu úr stjórn Arnór Heiðarsson, Björg Jónsdóttir og Íris Kristjánsdóttir. Þau sem komu ný inn í stjórnina að þessu sinni voru þau Anna Elísa Gunnarsdóttir, Óskar Birgisson, Perla Magnúsdóttir og Sveinn Valdimarsson. Stjórnin hefur þegar haldið þrjá stjórnarfundum. Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi starfsárið 2012-2013 skipa eftirtalin og skipta þannig með sér verkum:

Auður Pálsdóttir, formaður,
Páll Ágúst Ólafsson, varaformaður
Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri
Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, ritari
Tinna Rós Steinsdóttir, vararitari
Anna Elísa Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, meðstjórnandi
Sveinn Valdimarsson, meðstjórnandi
Perla Magnúsdóttir, varamaður
Óskar Birgisson, varamaður.



Fráfarandi stjórnarfélagi þökkuð frábær störf í forystu félagsins.

Sjálfbóðaliðar í stjórnnum starfsstöðva félagsins starfsárið 2012-2013

Rúmlega 60 einstaklingar eru sjálfbóðaliðar í stjórnnum starfsstöðva KFUM og KFUK starfsárið 2012-2013. Eftir aðalfundi vorið 2012 voru stjórnir starfsstöðva félagsins skipaðar neðangreindu félagsfólki. Um leið og við gleðjumst yfir því að svo mörg séu tilbúin að taka að sér ábyrgðarstöður í félaginu skulum við muna að hafa þau í bænnum okkar.

Stjórn KFUM og KFUK á Akureyri:

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður
Astrid Hafsteinsdóttir, ritari
Katrín Harðardóttir, gjaldkeri
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, varamaður
Jóhann Þór Sigurvinsson, varamaður.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Steinunn Einarsdóttir, gjaldkeri
Hulda Líney Magnúsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Gísli Stefánsson
Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, varamaður
Esther Bergsdóttir, varamaður.

Stjórn KFUM og KFUK í Reykjanesbæ:

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Björk Guðnadóttir, ritari
Erla Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn sumarbúðanna á Hólavatni:

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, formaður
Amar Yngvason, gjaldkeri
Jóhann Þorsteinsson, ritari
Hreinn Andrés Hreinsson
Þórður Daníelsson
Helga Frímann Kristjánsdóttir, varamaður
Jóhanna Sigurjónsdóttir, varamaður.

Stjórn sumarbúðanna í Kaldárseli:

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson, formaður
Jóhanna Sesselja Erludóttir, meðstjórnandi
Jón Grétar Þórsson, gjaldkeri

Ómar Þorvaldur Kristinsson, ritari
Þór Bínó Friðriksson, meðstjórnandi
Rakel Björg Kristjónsdóttir, varamaður
Benedikt Snær Magnússon, varamaður.

Stjórn sumarbúðanna í Vatnaskógi:

Ólafur Sverrisson, formaður
Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður
Páll Hreinsson, gjaldkeri
Sigurður Pétursson, meðstjórnandi
Salvar Geir Guðgeirsson, vararitari
Jón Ómar Gunnarsson, vara-gjaldkeri*
Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, ritari
Ingi Erlingsson, varamaður
Páll Skaftason, varamaður.

Stjórn sumarbúðanna í Vindáshlíð:

Guðrún Nína Petersen, formaður
Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varaformaður
Rúna Þráinsdóttir, ritari
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri*
Ingibjörg Sigurðardóttir, kynningar- og upplýsingafulltrúi
Jessica Leigh Andrésdóttir, vararitari
Steinunn Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn sumarbúðanna í Ölveri:

Anna Guðný Hallgrímsdóttir, formaður
Guðni Már Harðarson, gjaldkeri
Þóra Björg Sigurðardóttir*
Kristján S. Sigurðsson
Þóra Jenny Benónýsdóttir, ritari
Erla Björg Káradóttir, varamaður
Hafsteinn Kjartansson, varamaður.

Stjórn Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
Edda Björk Skúladóttir, varaformaður
Guðmundur Ingi Leifsson
Heiðrún Jónsdóttir
Anna Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri*
Einar Helgi Ragnarsson, varamaður
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, varamaður.

* Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi í stjórn viðkomandi starfsstöðvar.

Viðburðadagatal

Júní

- 1.-3. Sumarstarf Vatnaskógar hefst: Feðginaflokkur
- 3. Kaffisala Vindáshlíðar
- 7. Sumarstarf Hólavatns hefst
- 8. Sumarstarf Kaldársels hefst: Stelpur í stuði
- 8. Sumarstarf Ölvers hefst: Þjakkaflokkur
- 11. Sumarstarf Vindáshlíðar hefst

Júlí

- 1. Leikskólinn Vinagarður lokar vegna sumarleyfa
- 13.-15. Fjölskylduflokkur í Vatnaskógi
- 27.-29. Fjölskylduflokkur á Hólavatni

Ágúst

- 1. Leikskólinn Vinagarður opnar eftir sumarleyfi
- 2.-6. Sæludagar í Vatnaskógi
- 4.-12. Leiðtogaferð til Michelstadt í Þýskalandi
- 19. Kaffisala Hólavatns og vígsluhátíð nýbyggingar
- 24.-26. Feðgaflokkur I í Vatnaskógi
- 26. Kaffisala Ölvers
- 31.ágúst - 2.september: Kvennaflokkur í Vindáshlíð
- 31.ágúst -2.september: Feðgaflokkur II í Vatnaskógi

September

- 7.-9. Mæðgna-og mæðginahelgi í Ölveri
- 10. Vetrarstarf í æskulýðsdeildum hefst

Hægt er að fylgjast með starfinu í sumarbúðunum í sumar á www.kfum.is. Nýjar fréttir og myndir settar inn daglega.

Vortónleikar Skógarmanna á sumardaginn fyrsta

Að kvöldi sumardagsins fyrsta voru stórglæsilegir vortónleikar Skógarmanna KFUM haldnir í sal félags húss KFUM og KFUK að Holtavegi.

Á tónleikunum komu Karla-kór KFUM og KFUK og hljómsveitin Tilviljun? fram, en hápunktí tónleikanna var án efa náð þegar þessir tveir hópar hæfileikafólks fluttu saman „Í skugga vængja þinna“ eftir Gunnar Böðvarsson, með texta byggðum á Davíðssálm 91.

Stjórnandi Karla-kórs KFUM og KFUK er Laufey Geirlausdóttir og undirleikari er Ásta Haraldsdóttir. Hljómsveitinni Tilviljun? ásamt meðlimum Karla-kórsins eru færðar þakkir fyrir frábæran flutning.

Tónleikarnir eru mikilvæg fjáröflun fyrir Skógarmenn KFUM. Þeim sem sóttu tónleikana eru einnig færðar þakkir fyrir komuna og stuðninginn.

Kvennaflokkur í Vindáshlíð 31. ágúst – 2. september

Helgina 31. ágúst-2. september fer fram árlegur Kvennaflokkur í Vindáshlíð. Flokkurinn er ætlaður konum 18 ára og eldri og er tilvalið tækifæri til samverustunda í Hlíðinni í góðum félagsskap og með uppbyggilegri dagskrá. Skráning er hafin og fer fram hjá Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK í síma 588-8899 og á skráning.kfum.is. Verð í Kvennaflokk er kr. 12.000, en innifalið er fæði, gisting og öll dagskrá.

Dagskrá Kvennaflokks verður auglýst er nær dregur flokknum.



Fjölskylduflokkar eru frábært tækifæri fyrir alla fjölskylduna til að njóta þess besta sem sumarþúðirnar hafa upp á að bjóða.

Fjölskylduflokkar á Hólavatni og í Vatnaskógi í sumar

Í sumar verða fjölskylduflokkar haldnir bæði á Hólavatni og í Vatnaskógi í júlí. Það er nýjung að bjóða upp á fjölskylduflokka að sumri til, og eru þeir haldnir með það að markmiði að gefa fjölskyldum tækifæri á að verja tíma saman í yndislegu umhverfi yfir hásumarið, og upplifa um leið stemmninguna sem ríkir í hefðbundnum dvalarflokkum sumarþúðanna. Í flokkunum verða fjölskyldusamverur, sumarþúðakvöldvökur með kraftmiklum söng, frábærum skemmtiatriðum og andlegu veganesti auk ýmissa annarra dagskrárlíða. Fjölskylduflokkur á Hólavatni verður haldinn 27.-29.júlí. Í flokknum, sem er ætlaður öllum aldurshópum, verður áhersla lögð á notalegar fjölskyldusamverur og að allir aldurshópar fái að njóta sín í umhverfi sem hefur upp á ótalmargt að bjóða. Í sumar verður ný bygging tekin í notkun á staðnum, með vel búnum vistarverum

og góðu rými. Yfirumsjón með flokknum hefur Páll Ágúst Ólafsson. Verð í fjölskylduflokkinn á Hólavatni er kr. 7900 á einstakling (6-99 ára), en frítt er fyrir börn yngri en 6 ára. Verð er aldrei hærra en kr. 27.500 á fjölskyldu.

Fjölskylduflokkur sumarsins í Vatnaskógi verður haldinn helgina 13.- 15. júlí. Flokkurinn er ætlaður öllum aldurshópum, og þar verður mikið lagt upp úr samveru allrar fjölskyldunnar. Vatnaskógur hefur óteljandi möguleika til skemmtunar, dægradvalar og útiveru, og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Verð er kr. 11.900 (án rútufargjalda) fyrir hvern einstakling (6-99 ára), en frítt er fyrir börn yngri en 6 ára. Skráning fer fram í síma 588-8899, og þar eru einnig allar nánari upplýsingar veittar. Verið velkomin í fjölskyldufjörið á Hólavatni og í Vatnaskógi í sumar!

Undirbúningur fyrir sumarstarfið

- Vinnuflokkar í sumarþúðunum

Nú þegar sumarstarf KFUM og KFUK er í þann mund að hefjast, stendur undirbúningur í sumarþúðunum sem hæst, með það að markmiði að gera staðina í stakk búna til að taka við þeim fjölmörgu þátttakendum sem hafa skráð sig til leiks þar í sumar.

Í Vindáshlíð hafa sjálfbóðaliðar komið saman nokkra vinnudaga og tekið til hendinni við þrif, viðgerðir og fleira sem til þurfti eftir veturinn. Á Hólavatni hefur dyggur hópur sjálfbóðaliða ótullega unnið að nýbyggingu staðarins undanfarna mánuði. Í Vatnaskógi hafa farið fram nokkrir vinnuflokkar, þar sem til dæmis unnið hefur verið áfram í nýbyggingu staðarins, bryggjan sett út á vatnið, kantsteinum raðað

ásamt ýmsu öðru. Í Ölveri hefur einnig verið unnið í vinnuflokkum að ýmsum tilfallandi verkefnum á staðnum. Þegar þetta er ritað, er áætlaður vinnuflokkur í Kaldárseli í lok maí, en þar er ráðgert að setja upp fánastöng á staðnum, vinna að lagfæringu kassabíla, huga að aparólu og undirbúa timbur fyrir kofaborgina sem er á svæðinu yfir sumarið. Sjálfbóðaliðum sem gefið hafa vinnu sína í vinnuflokkum í vor eru færðar góðar þakkir fyrir störf sín, sem eru mjög mikilvæg fyrir starfsemi sumarþúðanna.



Sjálfbóðaliðar vinna mikilvæg störf í undirbúningi sumarþúðanna ár hvert.

Vígsla nýbyggingar við Hólavatn 19. ágúst 2012

Nú í sumar verður tekin í notkun við Hólavatn 210 fm nýbygging. Vígsla nýbyggingarinnar verður samhliða árlegri kaffisölu Hólavats sunnudaginn 19. ágúst. Það var einmitt á kaffisölu sumarið 2008 að Pórey Sigurðardóttir, heitin, tók fyrstu skóflustunguna að nýrri byggingu og framkvæmdir hófust svo í maí 2009. Nú fjórum árum síðar fögnum við þessum merka áfanga í sögu Hólavats. Framkvæmdir hafa verið bornar uppi af sjálfbæði og fara þar fremst byggingarnefndin og stjórn Hólavats. Á þessu ári eru þær teljandi á



Nýbygging verður tekin í notkun á Hólavatni í sumar. Vígsla byggingarinnar verður samhliða árlegri kaffisölu Hólavats 19. ágúst næstkomandi.

fingrum annarrar handar helgarnar sem féllu niður í vinnuferðum. Það er von okkar að sem flestir vinir og velunnarar Hólavats geti komið og tekið þátt í gleðinni á vígsludeginum 19. ágúst kl.14. Þeim sem vilja styrkja verkefnið með fjárframlagi er bent á reikning

sumarbúðanna 0565-26-30525, kt. 510178-1659. Guði séu þakkir fyrir alla hans blessun og handleiðslu í þessu verkefni.

*Fyrir hönd stjórnar Hólavats,
Jóhann H. Þorsteinsson ritari*

Spennandi sumar framundan



Í sumar verða skemmtilegir dvalarflokkar fyrir börn og unglinga í boði í sumarbúðum KFUM og KFUK.

Svokallaðir ævintýraflokkar, þar sem áhersla er lögð á óvæntar upptökur og ævintýri, eru í boði í öllum sumarbúðunum og hafa verið mjög vinsælir undanfarin ár. Listaflokkar verða í Ölveri og á Hólavatni, en þar eru listsköpun, föndur og handverk í aðalhlutverki. Þjakkaflokkur (fyrir stráka, 6-9 ára) og Krílaflokkur (fyrir stelpur, 6-9 ára) fyrir yngstu kynslóðina verða í Ölveri. Leikjanámskeið á vegum félagsins verða haldin á fjórum stöðum í sumar,

í Háteigskirkju, Hjallakirkju, í Reykjanesbæ og í Kaldárseli. Um marga aðra dvalarflokka er einnig að velja, en allar upplýsingar um þá er að finna á heimasíðu KFUM og KFUK, www.kfum.is. Fullt er orðið í nokkra flokka, en hægt er að skrá á biðlista í þá. Velkomið er að leita til Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK að Holtavegi 28 í síma 588-8899 ef fyrirspurnir um sumarstarfið vakna. Ljóst er að spennandi og ævintýralegt sumar er framundan í sumarbúðum og á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK.



Evrópuþing KFUM: Birgir U. Ásgeirsson kosinn í stjórn Evrópusambands KFUM

Birgir Urbancic
Ásgeirsson, 25 ára félagi í
KFUM og KFUK á Íslandi
og fulltrúi í alþjóðaráði
félagsins var kosinn í
stjórn Evrópusambands
KFUM (YMCA Europe)
með fullt hús atkvæða á
aðalfundi félagsins sem
var haldinn dagana 16.-
20. maí 2012 í Prag, Tékklandi.



Birgir Urbancic
Ásgeirsson

Alls voru yfir 130 félagar viðstaddir þingið frá
29 af 36 aðildarríkjum Evrópusambands KFUM,
auk Kosovo sem er samvinnuland og enn ekki
orðin formlegur aðili.

Ný stjórn Evrópusambands KFUM var skipuð
og er hún svohljóðandi:

- Ed Eggink frá Hollandi, formaður.
- Stepan Cerný frá Tékklandi, varaformaður
- Mike Will frá Skotlandi, gjaldkeri.
- Beate Turck frá Þýskalandi, ritari.

Skipað var í þessi embætti til fjögurra ára.
Meðstjórnendur voru kjörnir til tveggja ára og
voru þar kosin:

- Birgir U. Ásgeirsson frá Íslandi,
- Kie Cummings frá Englandi,
- Eva Magassy frá Ungverjalandi,
- Ion State frá Rúmeníu og
- Martin Winter frá Þýskalandi.

Almenn aðalfundarstörf voru unnin þar sem
farið var yfir ársskýrslur og ársreikninga og ýmis
smávægileg mál rædd. Moldavía var formlega
tekið inn sem aðildarríki með viðeigandi athöfn.
Sjö lagabreytingatillögur voru lagðar fyrir
fundinn og þær allar samþykktar.

Á milli almennra aðalfundarstarfa voru alls kyns
dagskrárlíðir. Þrír aðalræðumenn fluttu erindi
á þinginu og þátttakendum þingsins var boðið
til veislu í ráðhúsinu í Prag þann 18. maí þar
sem hátíðinni *Love to live* var formlega hleypt af
stokkunum. Hátíðin verður haldin í Prag í ágúst
2013.

Á þinginu var mikið rætt um mikilvægi ungs
fólks innan félagsins okkar því það sé á því sem
starfið okkar byggir. Það var einstök upplifun að
vera hluti af þessu þingi og frábært að sjá hvað
KFUM og KFUK-starfið er mikið og fjölbreytt
innan Evrópu.

Tinna Rós Steinsdóttir;
í stjórn KFUM og KFUK á Íslandi.



Starfsfólk Vinagarðs ásamt Gunnari Agli Finnbogasyri prófessor.

Námsferð starfsfólks Vinagarðs til Finnlands:

María Sighvatsdóttir leikskólastjóri á Vinagarði segir frá

Dagana 18. til 22. apríl fór starfsfólk Vinagarðs,
leikskóla KFUM og KFUK, ásamt Gunnari Agli
Finnbogasyri prófessor við Menntavísindasvið
HÍ, í námsferð til Hämeenlinna í Finnlandi sem
er háskólabær um 100 km norður af Helsinki.
Kennaradeild háskólans þar í bæ tók á móti
hópnum og skipulagði frábærar heimsóknir
í þrjá ólíka leikskóla. Skoðaður var einn
sólárhingsleikskóli (opinn allan sólárhinginn)
sem einnig var með útteild sem vakti mikla
athygli okkar. Okkur þótti það spennandi
valkostur fyrir eldri börnin á Vinagarði og við
sáum þar nýjan möguleika fyrir skólann okkar
til að auka fjölbreytileikann. Annar leikskóli
lagði áherslu á listir og sköpun og sá þriðji
vann í anda ítölsku uppeldisstefnunnar Reggio

Emilano. Það sem vakti athygli okkar var
hversu vel var hlúð að börnum og starfsfólki
allra þessara skóla hvað varðar allan aðbúnað,
kennslugögn og húsakost. Einnig fengum við
kynningu á æfingaleikskóla sem háskólinn í
Hämeenlinna rekur og fannst okkur það mjög
áhugaverð vinnuaðferð. Að lokum kynnti
Gunnar kennaradeild Háskóla Íslands og
Alma Auðunardóttir kynnti starfsemi Vinagarðs
í myndum og máli, fyrir kennaranema við
háskólann í Hämeenlinna sem sýndu mikinn
áhuga á að koma sem skiptinemar hingað til
lands. Ferðin var einstaklega vel heppnuð.

María Sighvatsdóttir

Fjölmenni á vorhátíð og opnu húsi leikskólans

Vorhátíð var haldin á Vinagarði 12. maí í
samvinnu við foreldrafélag leikskólans og
fór hún að mestu leyti fram innandyra að
þessu sinni vegna rigningar.

Á hátíðinni var sýnishorn af vinnu
barnanna frá vetrinum. Hoppukastali
var settur upp í stóra sal félagshússins
og pylsur grillaðar úti. Foreldrafélagið
var með margrómaðan sælkerabasar
sinn í kaffiteríunni sem gekk vel eins og
venjulega og skilaði drjúgum skilding í
sjóð félagsins. Það var síðan rúsínan í
pylsuendanum þegar Tómas Waage kom á
staðinn með lestina sína og keyrði með börnin



um svæðið við mikinn fögnuð þeirra. Hann var
án efa maður dagsins í augum þeirra. Ætla má
að rúmlega 300 manns hafi komið á hátíðina.

Evrópumót KFUM í Prag 2013:

Stefnt að stórum hópi
þátttakenda frá Íslandi

Undirbúningur að þátttöku KFUM og KFUK á Íslandi í Evrópumóti KFUM í Prag árið 2013 er nú að komast í fullan gang. Stefnt er að því að 200 þátttakendur frá Íslandi á aldrinum 13-30 ára taki þátt í mótinu. Áætlaður kostnaður á hvern þátttakanda er 169.900 krónur og er innifalið í því flug til og frá Prag, ásamt dagskrá, mat og gistingu á mótssvæðinu. KFUM og KFUK hefur tvívegis áður tekið þátt í mótinu sem er haldið á fimm ára fresti. Fjöldmargir þátttakendur í starfi félagsins hafa beðið spenntir eftir að komast aftur á Evrópumót KFUM eftir síðasta mót, sem



YMCA EUROPE FESTIVAL LOVE 2 LIVE / 2013

var haldið 2008. Mótið býður upp á einstakt tækifæri fyrir ungt fólk til að eignast nýja vini í KFUM og KFUK og til að kynna alþjóðlegu starfi félagsins. Á mótinu verður fjölbreytt dagskrá, með söng, íþróttum, kvöldvökum ásamt hvers kyns smíðjum og verkefnum.

Hægt er að nálgast kynningarefni vegna Evrópumótsins hjá æskulýðssviði KFUM og KFUK. Yfirumsjón með undirbúningi verður í höndum Halldórs Elíasar (Ella) æskulýðsfulltrúa, elli@kfum.is.

Stór hópur frá KFUM og KFUK á Íslandi á Unify-ráðstefnu í Northampton

Í byrjun árs 2012 var ráðstefna Unify, sem hafði það meginmarkmið að styrkja kristilega þáttinn í starfi KFUM og KFUK, haldin að frumkvæði KFUM í Bretlandi, KFUM í München og KFUM í Evrópu. Stór hópur leiðtoga úr starfi KFUM og KFUK á Íslandi sótti ráðstefnuna, sem var haldin í Northampton í Englandi. Það er hluti af leiðtogapjálfun KFUM og KFUK á Íslandi að gefa leiðtogum tækifæri til að sækja ráðstefnur og námskeið bæði innanlands og utanlands sem miða að vexti þeirra í starfi félagsins.



Íslenski hópurinn á Unify-ráðstefnunni í Northampton

Guðlaug Jökulsdóttir, ein íslensku þátttakendanna, lýsir ferðinni og þátttökunni á Unify:

Þann 12. janúar lögðu 15 hressir Íslendingar upp í skemmtilegt ferðalag. Stefnan var sett á England, nánar tiltekið á UNIFY-ráðstefnu í Northampton. Mikil eftirvænting og spenna var í loftinu þegar við mættum ferskari sem aldrei fyrr í Leifsstöðina góðu klukkan hálf sjö að morgni. Við lok dags þann 12. janúar komum við til Northampton, þar sem ráðstefnan hófst og fyllti okkur af áður ókunnri vísu og gleði. Vistarverurnar voru hlýlegar. Lítið hótél með tilheyrandi ráðstefnu – og matsal þar sem

allt fór fram. Þríréttað í öll mál og margt til að vera þakklátur fyrir. Fyrirlestrarnir voru fullir af fræðslu og innlifun. Við lærðum um starfsstöðvar KFUM og KFUK í öðrum löndum sem þurft hafa að leggja niður alla starfsemi sína því starfið snerist ekki lengur um fagnaðarerindið, auk þess sem við heyrðum um aðrar sem eru í miklum blóma. Þetta ferðalag kenndi mér margt um uppbyggingu, samstöðu og umfram allt: Kærleika.

Guðlaug Jökulsdóttir

Sjálfbóðaliði frá KFUM og KFUK til starfa við undirbúning Evrópumóts KFUM í Prag

Fyrstu vikuna í september heldur Unnar Freyr Erlendsson á vegum KFUM og KFUK á Íslandi til Prag í Tékklandi sem sjálfbóðaliði á skrifstofu Evrópusambands KFUM, við undirbúning Evrópumóts KFUM í Prag 2013.

Vinnan stendur í eitt ár, og mun Unnar starfa í vinnuteymi í Prag með öðrum sjálfbóðaliðum og starfsfólki. Unnar sótti um stöðuna í samvinnu við alþjóðaráð KFUM og KFUK á Íslandi. Unnar hefur starfað sem leiðtogi í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK á Íslandi, setið í stjórn KSS og starfað sem tæknimaður fyrir félagið.

KFUM og KFUK á Íslandi gerist með ferð Unnars í fyrsta sinn sendisamtök hjá EVS (European Voluntary Service) en styrkur fékkst hjá Evrópu unga fólksins til að Unnar gæti verið við störf í Prag þetta ár. Því fellur enginn kostnaður á KFUM og KFUK á Íslandi né KFUM í Prag vegna vinnu hans og veru í Prag.

Von er til þess að ferð Unnars verði lærdómsrík og gefandi. Það er dýrmætt að hann fái að starfa fyrir KFUM-félag í erlendu landi þar sem hann bæði leggur sitt af mörkum, og öðlast án efa reynslu sem getur nýst KFUM og KFUK á Íslandi.

KFUM og KFUK á Íslandi óskar Unnari góðs gengis og Guðs blessunar.



Arna Auðunsdóttir og Berglind Ósk Einarsdóttir eru sumarstarfsmenn þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK.

Breytingar á starfsmannamálum hjá KFUM og KFUK á Íslandi

Nokkrar breytingar hafa orðið og eru væntanlegar á starfsmannamálum í þjónustumiðstöð KFUM og KFUK. Hólmfríður Petersen lét í mars af störfum sem framkvæmdastjóri Vindáshlíðar. Starfsfólk og stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þakkar Hólmfríði fyrir góð störf, samvinnuna og óskar henni góðs gengis í nýjum verkefnum. Tveir sumarstarfsmenn, þær Berglind Ósk Einarsdóttir og Arna Auðunsdóttir hófu störf í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi í maí. Berglind Ósk og Arna starfa við afgreiðslu, símsvörun, ýmislegt tengt skráningu í sumarbúðir og leikjanámskeið og annað tilfallandi. Berglind Ósk lýkur brátt meistaraþrófi frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Arna stundar nám í ensku við Háskóla Íslands. Báðar hafa þær starfað í sumarbúðum félagsins í Vindáshlíð til margra ára og einnig sem leiðtogar í æskulýðsstarfinu. Hjördís Rós Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi fer í fæðingarorlof í júlí. Starfsfólk og stjórn KFUM og KFUK á Íslandi óskar Hjördísi góðs gengis og Guðs blessunar í því sem framundan er. Petra Eiríksdóttir kennari mun leysa Hjördísi af í eitt ár og kemur til starfa í ágúst.



Ungmennaráð KFUM og KFUK árið 2012 er skipað unglungum úr starfi félagsins víðs vegar að af landinu.

Ungmennaráð KFUM og KFUK stofnað á vormánuðum

Á landsmóti unglingadeilda í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK í Vatnaskógi í lok febrúar var Landsþing unga fólksins haldið í fyrsta skipti. Landsþinginu var stýrt af Ungmennaráði KFUM og KFUK. Ungmennaráðið var sett á laggirnar í febrúar og í því sitja átta unglingar, fulltrúar unglingadeilda víðs vegar af landinu. Ungmennaráð hefur það hlutverk að miðla hugmyndum og vilja unglinga í starfi KFUM og KFUK, og taka fyrir málefni sem unglungunum finnst mikilvæg. Ungmennaráð kom saman í Reykjavík í apríl, þar sem meðlimir funduðu saman ásamt því að taka þátt í fulltrúaráðsfundi KFUM og KFUK á Íslandi. Þá undirbjó Ungmennaráðið kynningu

sem það flutti á aðalfundi félagsins, 14. apríl. Í kynningunni kom fram vilji unglinganna til að auka og efla starf KFUM og KFUK, fjölga sameiginlegum viðburðum unglingadeilda og efla kynningarstarf. Þá kynntu meðlimir hugmyndir ráðsins um samskipti skóla og trúfélaga, verð í strætó og margt fleira. Það er mikilvægt fyrir starfsfólk og félagsfólk KFUM og KFUK að heyra skoðanir og hugmyndir unga fólksins sem tekur þátt í kjarnastarfsemi félagsins. Meðlimir Ungmennaráðs eru sannarlega glæsilegir fulltrúar ungmenna landsins og verðugir erindrekar málefna þeirra.

Fjölbreytt fullorðinsstarf á liðnum vetri á Holtavegi

Fullorðinsstarf KFUM og KFUK á nýliðnum vetri var skemmtilegt og fjölbreytt. Vikulegir fundir fyrir konur og karla voru í takt við áratugahefð haldnir í aðalmeildum félagsins (AD KFUM og AD KFUK) á Holtavegi í Reykjavík. Sunnudagssamkomur fyrir alla aldurshópa fóru einnig fram að jafnaði hvert sunnudagskvöld. Að baki fullorðinsstarfinu standa öflugar skipulagsnefndir sem halda utan um metnaðarfulla dagskrá í viku hverri yfir veturinn. Nefnd AD KFUK veturinn 2011-2012 skipuðu þær Margrét Möller, María Aðalsteinsdóttir,

Sigrún Gísladóttir og Þórdís Klara Ágústsdóttir. Nefndin hefur nú látið af störfum. Ný nefnd AD KFUK er nú tekin við, en í henni sitja þær Anna Magnúsdóttir, Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir og Rúna Þráinsdóttir. Í nefnd AD KFUM nú í vetur sátu þeir Ársæll Aðalbergsson, Ólafur Sverrisson, Sigurbjörn Þorkelsson og Tómas Torfason. Sunnudagssamkomunefnd hafði umsjá með samkomum á sunnudagskvöldum. Á samkomunum fluttu ýmsir ræðumenn erindi

og hugleiðingar, og boðið var upp á fjölbreytta tónlist, um leið og leitast var við að skapa gott samfélag fyrir félagsfólk í upphafi hverrar viku. Í nefndinni á liðnum vetri voru þau Arna Ingólfsdóttir, Björgvin Þórdarson og Magnús Pálsson. Öllu þessu fólki eru færðar kærar þakkir fyrir góð störf. Venju samkvæmt er gert hlé á fullorðinsstarfi félagsins yfir sumartímann. Starfið hefst af fullum krafti aftur í byrjun október, en dagskrá næsta vetrar verður auglýst þegar nær dregur.



Brennómót er einn þeirra sameiginlegu viðburða sem fara fram í deildarstarfinu á ári hverju. Í ár var mótið haldið í Vodafonehöllinni, íþróttahúsi Vals við Hlíðarenda.

Góð þátttaka í deildarstarfinu í vor

Mikið fjör hefur verið í deildum KFUM og KFUK síðastliðinn vetur. Haldnir hafa verið yfir 400 æskulýðsfundir á vormisseri í deildum víðs vegar um landið og hafa rúmlega 120 leiðtogar haldið utan um og stýrt skemmtilegum og uppbyggilegum fundum. Auk hefðbundins deildastarfs voru ýmis mót og ferðalög sem börnin gátu tekið þátt í. Í febrúar fór fram brennómót í Vodafonehöllinni fyrir yngri deildir KFUM og KFUK (9-12 ára). Börnin skemmtu sér konunglega og í lok dags fengu allir hressingu og viðurkenningu fyrir þátttökuna. Landsmót unglingadeilda (13-16 ára) var haldið í Vatnaskógi í lok febrúar. Yfirskrift mótsins var *Paradís*. Um 130 unglingar og leiðtogar þeirra tóku þátt í mótinu en því lauk með landsþingi unga fólksins sem nýkjörið Ungmennaráð KFUM og KFUK stýrði. Vorönninni lauk svo með vorferðalagi yngri deilda sem fram fór dagana 30.-31. mars. Farið var í Vatnaskóg, Vindáshlíð og Ölver þar sem börnin fengu að upplifa sólarhringsdvöl í

sumarbúðum félagsins með tilheyrandi dagskrá og skemmtun. Yngri deildirnar á Norðurlandi fóru í dagsferð á Hólavátn á sama tíma. Þessum vetri í deildarstarfinu er nú lokið, en það mun hefjast af fullum krafti aftur í haust.



Kátir krakkar í YD KFUM og KFUK í Digraneskirkju.



Fjörugar vorhátíðir og fyrsti skráningardagur í sumarbúðir

Laugardaginn 24. mars hófst skráning í sumarbúðir og leikjanámskeið KFUM og KFUK. Við sama tilefni voru haldnar vorhátíðir í húsum félagsins á Holtavegi 28 í Reykjavík og í Sunnuhlíð 12 á Akureyri. Á vorhátíðunum voru alls konar skemmtiatriði í boði, hoppukastalar og önnur leiktæki voru á svæðinu, starfsfólk sumarbúðanna sá um andlitsmálun fyrir börnin og buðu upp á candy-floss. Leiðtogar úr æskulýðsstarfinu stýrðu leikjum og fönðurhorni, og fjöllistahópurinn Ten Sing sá um veitingasölu. Gengið var frá skráningu mörg hundruð barna í sumarbúðir og leikjanámskeið þennan dag, en sjálfbóðaliðar og starfsfólk KFUM og KFUK störfuðu ótullega að skráningu, bæði símleiðis og á Holtavegi og í Sunnuhlíð. Fjölmargir nýttu sér netskráningu á vefsíðunni skraning.kfum.is, enn fleiri en undanfarin ár.

Skráning hefur gengið vel eftir að hún hófst á vorhátíðunum, og þegar þetta er ritað, í lok maí, hafa rúmlega 1900 börn verið skráð í sumarbúðir og leikjanámskeið KFUM og KFUK fyrir komandi sumar.





Auður Pálsdóttir, formaður stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi.

Stjórnarpistill

Nú skrifa ég stjórnarpistil í fyrsta sinn sem formaður okkar góða félags, bæði þakklát en líka stolt yfir að fá að þjóna Drottni með þessum hætti. Ég er þakklát fyrir hvatningu og uppörvun frá félagsfólki undanfarnar vikur og er að átta mig betur en nokkru sinni á hve sterkt baklandið í félaginu er. Ég finn fyrir eldmóði og metnaði fyrir starfinu og er þakklát fyrir bænahópana sem biðja fyrir starfinu, starfsfólki, stjórnarfólki og öðrum leiðtogum. Ég er þakklát fyrir sjálfbóðaliðana sem mæta í skipulagða vinnuflokka sumarþúðanna og fyrir hina sem taka að sér smærri viðfangsefni eða mynda hópa sem fóstora afmörkuð verkefni. Þá þakka ég Guði fyrir alla þá sem leggja starfinu okkar lið með ómetanlegum gjöfum. Í félaginu okkar er fjársjóður og dæmin sýna að með okkur búa ólíkir hæfileikar, þekking og færni sem allt eru mikilvægir eiginleikar og Guði þóknanlegir. Nú er sumarið að ganga í garð og fjórleg stemning í lofti. Sumarstarfið er að hefjast og í mörg horn að líta. En í erli dagsins megum við ekki gleyma að gera það sem er mikilvægast, að draga anda og orð Guðs að okkur, því til að vera fær um að starfa í ríki hans verðum við að staldra við og eiga samtal við Guð. Til hans sækjum við þá næringu sem við þurfum og hann gefur okkur þann kraft sem þarf til hvers verks.

Starf KFUM og KFUK á Íslandi er sérstakt. Starf okkar er ekki bara félagsstarf með her af mögnuðum sjálfbóðaliðum víða um land. Starf KFUM og KFUK snýst um að boða trú á Jesúm Krist þannig að börn og ungmenni upplifi að orð Guðs sé það besta sem til er. Ef við erum trú þessu verkefni og erum vakandi fyrir nýjum tækifærum, þá erum við á réttri leið.

Auður Pálsdóttir
formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Allt í plati – Ten Sing hópurinn „ICEing“

Í vetur hefur verið öflugt og skemmtilegt TenSing starf í KFUM og KFUK húsinu við Holtaveg hjá TenSing - hópunum ICEing. Starfinu lauk nú í apríl með uppsetningu á barnasöngleiknum „Allt í plati“, þar sem hópurinn vann sýninguna alveg frá grunni, sá um tónlist, söng, leikstjórn, búningahönnun, sviðsmynd og hvað annað sem til féll. Tæplega 100 manns komu og nutu sýningarinnar. Þá ákvað TenSing hópurinn að mynda með sér stjórn á liðnum vetri og setja sér starfsreglur,



en fyrsti aðalfundur hópsins var síðustu vikuna í apríl.

Gaman er að fylgjast með starfi TenSing blómstra, þar sem sköpunargleði og frumkvæði ungs fólks eru sannarlega í fyrirrúmi.

Sjálfbóðaliðinn

Nafn: Anna Kristín Guðmundsdóttir

Aldur: 33 ára

Hvar hefur þú starfað innan KFUM og KFUK? Ég hef starfað og starfa reyndar enn í stjórn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK við Holtaveg.

Hver er atvinna þín? Ég starfa sem sérfræðingur á Fyrirtækjasviði Íslandsbanka.

Hvenær byrjaðir þú í KFUM og KFUK?

Fyrstu minningar mínar úr starfi KFUM og KFUK eru frá Fjölskylduhelgum í Vatnaskógi sem voru haldnar fyrstu helgina í júlí, eins konar formóðir Sæludaganna sem nú eru haldnir um verslunarmannahelgina. Seinna voru það svo sumarþúðirnar í Vindáshlíð sem voru ómissandi hluti af sumrinu.

Getur þú deilt með okkur einni góðri minningu úr starfi félagsins?

Síðasta sumar fékk ég að starfa sem sjálfbóðaliði á Vinagarði, leikskóla KFUM og KFUK. Foreldrafélagið hefur skapað hefð fyrir því að foreldrar gefi starfsfólki frí einn dag í byrjun sumars með því að taka sér frí frá hefðbundnum störfum og vinna á leikskólanum í staðinn.

Ég tók að mér að vera starfsmaður á Kópagarði hálfan dag síðastliðinn júní, veit ekki hvor hlakkaði meira til, ég eða tæplega þriggja ára dóttir mín. Þetta var dásamlegur dagur þar sem ég fékk tækifæri til að kynnast heimi dóttur minnar, vina hennar og þess frábæra starfsfólks sem hlúir að þeim á hverjum degi. Hápunkturinn á deginum var þegar öll börnin á leikskólanum söfnuðust saman inni á einni deildinni, þar sem haldin var sameiginleg söngstund. Þvílík gleði



Anna Kristín Guðmundsdóttir

og dugnaður sem skinu úr öllum andlitum, syngjandi af innlifun hvert fallega lagið á fætur öðru um Jesú og kærleika hans.

Hver er eftirlætis ritningarstaður þinn?

Það er einn staður í upphaldi hjá mér núna, það var víst fermingarversíð hennar Önnu heitinnar frænku minnar Magnúsdóttur:

„Guð er kærleikur, sá sem er stöðugur í kærleikanum, er stöðugur í Guði“ (1. Jóh. 4.16)

Mér finnst þessi orð sýna svo tært og skýrt hvað það er auðvelt að hafa Guð alltaf með okkur, hvar og hver sem við erum.

Getur þú gefið lesendum gott ráð?

„Sá sem hefur fáar óskir mun fá þær uppfylltar.“

Lao Tse

Vönduð og framsækin leiðtogaþjálfun

KFUM og KFUK býður upp á vandaða og framsækna leiðtogaþjálfun þar sem fjölbreyttar kennsluaðferðir og reynslunám (e. Learning by Doing) eru mikilvæg lykilhugtök. Hægt er að nálgast meginstef leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK út frá fjórum þáttum, þó vissulega séu einstakir þættir sjaldnast kenndir án samspils við aðra. Þessir þættir eru:

K Í starfi KFUM og KFUK er mikilvægt að leiðtogar þekki vel til kristinnar trúar og taki afstöðu til Krists. Þannig var á vormánuðum boðið upp á mánaðarlegar fræðslusamverur fyrir leiðtoga og aðra áhugasama um einstaka þætti kristinnar trúar og munu þær halda áfram



María Ellingsen kennir á leiðtoganámskeiðinu Fjólu, samstarfsverkefni KFUM og KFUK og fjölmargra kirkjulegra félaga og stofnana.

næsta haust. Hópur ungs fólks frá KFUM og KFUK á Íslandi fór til Englands í janúar til að læra um og velta upp mismunandi flötum á mikilvægi hins trúarlega í starfi KFUM og KFUK og þá hvetur félagið leiðtoga til virkrar þátttöku í kristilegu helgihaldi, auk þess að bjóða upp á trúarlegt starf fyrir fullorðna.

F KFUM og KFUK býður reglulega upp á námskeið um samskipti í félagslegu starfi. Þannig var nú í maí boðið upp á námskeiðið Fjóla í samvinnu við Biskupsstofu, ÆSKR, ÆSKP og Æskulýðsnefnd Kjalarnesprófastsdæma þar sem María Ellingsen var meðal kennara og kenndi um framkomu. Þá var farið ítarlega í samskipti milli starfsfólks sumarþúða á námskeiði í maí. Einnig er lagt mikið upp úr því að leiðtogar leiki sér saman og efla þannig tengsl hvort við annað.

U KFUM og KFUK leggur áherslu á sköpun, virðingu og frumkvæði í öllu námskeiðahaldi sínu. Það að prófa nýja hluti, gera mistök og halda síðan áfram í sköpun er mikilvægur þáttur í því að vera ungur. KFUM og KFUK leitast í leiðtogaþjálfun sinni við að hvetja til



Ólöf Ásta Farestveit fræðir sumarþúðastarfsfólk á námskeiðinu *Verndum þau* sem öllum sjálfbodaliðum og starfsmönnum ber að taka.

framþróunar og breytinga. Við fögnum gagnrýni og leitumst við að kenna leiðtogum félagsins að vera opnir fyrir nýjum leiðum.

M/K

KFUM og KFUK stendur að og vísar leiðtogum á námskeið þar sem áhersla er lögð á að vernda manneskjur, bæði menn og konur. Starfsfólk sumarþúða og í deildastarfi tekur þátt í skyndihjálparnámskeiðum ýmist á vegum KFUM og KFUK eða annarra og auk þess fara allir leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á námskeiðið *Verndum þau*, þar sem fjallað er um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum og unglingum.

Hugleiðing

Ég væri líklega ekki að skrifa þessa hugleiðingu nema út af því að ég fékk þau sterku skilaboð sem barn í sumarþúðum KFUM og KFUK að ég skipti miklu máli fyrir félagið. Ég man sérstaklega eftir því að tveir leiðtogar mínir voru duglegir að minna mig á að þegar ég yrði 18 ára gömul mætti ég sækja um sem leiðtogi í sumarþúðum. Alltaf fékk ég jafngóða tilfinningu um lífið og tilveruna þegar ég kom í Ölver á hverju sumri sem barn. Þessi sterka og góða tilfinning sem ég fékk í hvert skipti sem ég kom var að stórum hluta komin í hjarta mitt út af góðu og uppbyggilegu starfi hjá starfsfólki Ölvers á þeim tíma. Loksins rann upp árið sem ég varð 18 ára og



Þóra Björg Sigurðardóttir

ég fór að plana sumarið. Í hausnum á mér glumdi setningin sem leiðtogar mínir höfðu sagt við mig sem barn. Ég sótti um starfið og hef unnið í Ölveri hvert sumar síðan, einnig hef ég bæði verið með yngri og eldri deildir hjá KFUM og KFUK. Þannig að þessari frábæru upplifun minni úr Ölveri lauk ekki þegar ég var orðin of gömul til að fara í sumarþúðir, því að ég hef fengið að njóta þeirra forréttinda að starfa í Ölveri.

Ástæðan fyrir því að ég er að rifja upp þessar minningar er sú að nákvæmlega þetta er ótrúlega mikilvægt í öllu okkar starfi. Það að láta börnin finna fyrir að þau séu dýrmætur partur af félagi Guðs, KFUM og KFUK er mjög mikilvægt. Hver og einn einstaklingur er svo sannarlega dýrmætur í þessu félagi. Það er kannski óþarfi að við segjum öllum að sækja um í sumarþúðum þegar þeir verða stórir. En ef við finnum fyrir áhuga barns á einhverju sviði

innan félagsins, hvort sem það er að vinna í sumarþúðum, vera tæknimaður, elda, syngja, dansa, biðja eða hvað sem er þá er auðvelt verkefni en jafnframt mikilvægt fyrir okkur að hvetja barnið til að finna sig í sínu áhugamáli innan félagsins.

Ég er einstaklega þakklát fyrir allt sem KFUM og KFUK hefur gefið mér í sínu starfi bæði sem barn í sumarþúðum og sem starfsmaður hjá félaginu. Ég bið Guð að blessa félagið og vona að sem flestir fái jafn góða upplifun úr starfinu og ég fékk.

„Sérhvert ykkar hefur fengið náðargáfu. Notið þær og þjónið hvert öðru eins og góðir ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs.“ (1. Pét. 4:10)

Þóra Björg Sigurðardóttir



Á Sæludögum í Vatnaskógi er boðið upp á frábærar sumarþúðakvöldvökur við allra hæfi.

Sæludagar í Vatnaskógi – ómissandi um verslunarmannahelgina

Að venju standa Skógarmenn KFUM fyrir Sæludögum um verslunarmannahelgina í Vatnaskógi. Sæludagar eru skemmtileg, fjölbreytt og vímulaus fjölskylduhátíð. Í sumar standa Sæludagar yfir dagana 2.-6. ágúst, og hefst fjörið strax fimmtudaginn 2. ágúst. Að vanda verður boðið upp á glæsilega dagskrá fyrir alla aldurshópa í frábæru umhverfi Vatnaskógar. Meðal dagskrárlíða verða tónleikar, fjölskylduguðspjónusta, Café Lindarrjóður, kvöldvökur, grillveisla, varðeldur, heitir pottar,

hæfileikasýning barna, Sæludagaleikar, hoppukastalar, barna- og unglíngadagskrá, fræðslustundir, bátafjör, knattspyrna og fjölmargt fleira. Góð tjaldstæði eru í Vatnaskógi sem tilvalið er fyrir gesti að nýta sér. Allir eru hjartanlega velkomnir á Sæludaga um verslunarmannahelgina, en nánari upplýsingar um dagskrá og verð verða kynntar þegar nær dregur. Sjáumst hress á Sæludögum – ekki láta þig vanta!



Kaffisala Skógarmanna til styrktar starfinu í Vatnaskógi var að venju haldin á Sumardaginn fyrsta.

Kaffisöluur sumarþúðanna

Skemmtileg og mikilvæg fjáröflun

Allar sumarþúðir KFUM og KFUK standa fyrir kaffisölu ár hvert í þeim tilgangi að safna fé til starfsemi þeirra. Börn og unglíngar njóta á ári hverju dvalar í sumarþúðunum og eignast þar dýrmæt看 minningar og mikilvægt vegnanesti fyrir lífið. Á kaffisöluunum gefst öllum færi á að styrkja starfið með því að kaupa þar kaffi og ljúffengar kaffiveitingar.

Á sumardaginn fyrsta fór kaffisala Skógarmanna fram á Holtavegi 28 með góðri mætingu, og góður ágóði fékkst til starfsemi Vatnaskógar.

- Vígsla nýbyggingarinnar á Hólavatni fer fram sunnudaginn 19.ágúst kl. 14:00. Árleg kaffisala Hólavatns hefst að vígslu lokinni, kl.14:30 og stendur til kl. 17:00.
- Kaffisala Ölvers fer fram sunnudaginn 26.ágúst kl. 14-17.
- Kaffisala Kaldársels fer fram sunnudaginn 9. september og hefst kl.14.

Kaffisala Vindáshlíðar fór fram sunnudaginn 3. júní, áður en þetta blað kom út.

Félagsfólk í KFUM og KFUK á Íslandi er hvatt sérstaklega til að sækja kaffisöluur sumarþúða félagsins og taka þannig þátt í afar mikilvægum lið fjáröflunar til sumarstarfsins.

Fréttabréf KFUM og KFUK á Íslandi, 1. tbl. 2012

Ritstjórn: Soffía Magnúsdóttir, Halldór E. Guðmundsson og Gyða Karlsdóttir

Ábyrgðarmaður: Soffía Magnúsdóttir

Myndir: Elena Romanenko, Halldór E. Guðmundsson, Haraldur Guðjónsson, Lára Halla Sigurðardóttir, Bogi Benediktsson, Salvar Geir Guðgeirsson, Guðlaug Jökulsdóttir, María Sighvatsdóttir og fleiri.

Að blaðinu unnu: Soffía Magnúsdóttir, Gyða Karlsdóttir, Halldór E. Guðmundsson, Þóra Björg Sigurðardóttir, Guðlaug Jökulsdóttir, Auður Pálsdóttir, Tinna Rós Steinsdóttir, Anna Kristín Guðmundsdóttir, Jóhann H. Þorsteinsson, Hjördis Rós Jónsdóttir, María Sighvatsdóttir og fleiri.

Útgefandi: KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28 104 Reykjavík

Prentun: Isafoldarprentsmiðja.